

Nefndasvið Alþingis
bt. atvinnuveganefndar

Reykjavík, 22. apríl 2022

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða o.fl., 451. mál á 152. löggjafarþingi.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (hér eftir samtökin) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða o.fl. (veiðar á bláuggatúnfiski), sbr. þingskjal 650 í 451. máli á 152. löggjafarþingi.

Samtökin styðja breytingar sem frumvarpið felur í sér og taka undir þau sjónarmið sem þar birtast. Eins og þar kemur nánar fram hefur þegar farið fram samráð við helstu hagaðila, þ.m.t. við samtökin, og er mikilvægt að breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir nái fram að ganga.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að undanþágur sem lagðar eru til muni gilda til sex ára, þ.e. til og með 31. desember 2027. Í almennum athugasemdum sem fylgja frumvarpinu segir að viðbúið sé að aðilar sjái sér hag í að tryggja að sérhæfð skip til veiða á bláuggatúnfiski verði skráð á Íslandi „*eftir sex ára tilraunatímabil sem lagt er til*“. Þá segir réttilega í almennum athugasemdum sem fylgja frumvarpinu að ekki horfi til þess „*að stundaðar verði túnfiskveiðar við Ísland á árinu 2022.*“ Það verður að telja ósennilegt að breyting verði á þeirri staðreynd þrátt fyrir að þær breytingar, sem hér eru til umfjöllunar, verði að lögum á yfirstandandi löggjafarþingi. Að leigja hingað erlend skip til sérhæfðra veiða krefst meiri undirbúnings og tíma þegar nauðsynlegar lagabreytingar eru um garð gengnar.

Í því ljósi, og þar sem hið sex ára tilraunatímabil sem vísað er til í frumvarpinu er í reynd aðeins fimm ár, leggja samtökin til að gildistími þeirra ákvæða, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verði framlengdur um eitt ár og gildi til 31. desember 2028.

Samtökin lýsa sig reiðubúin að eiga samtalið við nefndarmenn og gera nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum.

F.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

